

Fyrstu skrefin

Mikilvægar upplýsingar fyrir ríkisborgara
utan EES- & EFTA-ríkjanna sem flytja til Íslands

Important information for non EEA & EFTA
citizens moving to Iceland

ENSKA
IS/EN
ENGLISH



ISBN: 978-9979-799-26-9

Publisher: The Immigration Council

Chief Editors: Multicultural Centre,
Runar Helgi Haraldsson

Design: Gunnar R Kristinsson / Ímyndunarafll Ltd.

Printing: Oddi Print & Packaging

Útgefandi: Innflytjendaráð

Umsjón: Fjölmenningssetur,
Rúnar Helgi Haraldsson

Hönnun og umbrot: GRK / Ímyndunarafll ehf.

Prentun: Oddi prentun og umbúðir

Velkomin til Íslands
Welcome to Iceland



FYRSTU SKREF RÍKISBORGARA UTAN EES- OG EFTA-RÍKJANNA

FIRST STEPS FOR CITIZENS FROM NON-EEA AND EFTA-MEMBER STATES

EFNISYFYRLIT

Fyrstu skref ríkisborgara utan EES- og EFTA-ríkjanna	4
Ísland í hnotskurn	6
Hátíðisdagar og frídagar	8
Akstur og öryggi	8
Þjóðskrá Íslands og kennitala	10
Lög og reglur	12
Sjúkratrygging	18
Vinna á Íslandi	24
Almannatryggingar	34
Skattar	36
Heilbrigðisþjónusta	42
Húsnæði	46
Þjónusta sveitarfélaga	50
Skólakerfið	52
Lögfræðiráðgjöf fyrir innflytjendur	56
Gott að vita	58
Vefsíður Fyrstu skrefin –utan EES og Efta	60

TABLE OF CONTENTS

The first steps for citizens outside EEA and EFTA states	5
Iceland in a nutshell	7
Major and general holidays	9
Driving and safety	9
Registers Iceland (Þjóðskrá Íslands) and ID No.	11
Laws and Regulations	13
Health insurance	19
Working in Iceland	25
Social Security	35
Taxes	37
Healthcare services	43
Housing	47
Services provided by the local authorities (municipalities)	51
The school system	53
Legal advice for immigrants	57
Good to know	59
Websites First steps – non-EEA and EFTA	60

FYRSTU SKREF RÍKISBORGARA UTAN EES- OG EFTA-RÍKJANNA

Upplýsingarnar í þessum bæklingi eru fyrir ríkisborgara frá löndum **Afríku, Asíu, Suður-Ameríku, Norður-Ameríku, Eyjaálfu** og fyrir ríkisborgara þeirra Evrópuríkja sem **hvorki** eiga aðild að EES- né EFTA-samningnum. Þau eru **Albanía, Andorra, Bosnía og Hersegóvína, Hvíta-Rússland, Makedónía, Moldóva, Páfagarður, Rússland, San Marínó, Serbía og Svartfjallaland og Úkraína**.

UPPLÝSINGAR OG RÁÐGJÖF

Mikilvægt er að hafa í huga að vegna alþjóðlegra samninga, eins og á milli Norðurlandanna og aðildarríkja að EES- og EFTA-samningunum, gilda mismunandi reglur eftir ríkisfangi. Þessi bæklingur er eingöngu ætlaður ríkisborgurum þeirra landa sem ekki eru aðilar að Evrópusambandinu eða EFTA. Í bæklingnum Fyrstu skref ríkisborgara EES- og EFTA-ríkja eru upplýsingar fyrir fólk af öðru þjóðerni. Bæklinginn, ásamt helstu upplýsingum um íslenskt samfélag, má nálgast á vef Fjölmenningsseturs.

Hjá Fjölmenningssetri er unnt að fá upplýsingar um flest er varðar innflytjendamál, íslenskt samfélag, íslenskukennslu, réttindi og skyldur, túlka- og þýðingarþjónustu og fleira.

- Fjölmenningssetur – Sími: **450 3090**

Upplýsingar um erlend sendiráð og ræðisskrifstofur er að finna á vef utanríkisráðuneytisins.

Félags- og jafnréttismálaráðherra fer með yfirstjórn málefna innflytjenda og er Fjölmenningssetur stofnun sem heyrir undir velferðarráðuneytið. Útlendingastofnun heyrir undir dómsmálaráðuneytið og sinnir þjónustu í tengslum við afgreiðslu dvalarleyfa, vegabréfsáritana, ríkisborgararéttar og fleira. Útlendingastofnun (www.utli.is), sími 444 0900.

THE FIRST STEPS FOR CITIZENS OUTSIDE EEA AND EFTA STATES

The information in this pamphlet is for the citizens of the countries of **Africa, Asia, South America, North America, Oceania** and for the citizens of European states that are party to neither the EEA nor EFTA agreement. These are **Albania, Andorra, Bosnia and Herzegovina, Belarus, Macedonia, Moldavia, the Vatican, Russia, San Marino, Serbia and Montenegro and the Ukraine.**

INFORMATION AND ADVICE

It is important to keep in mind that due to international agreements, such as those between the Nordic countries and member states of the EEA and EFTA agreements, there are different rules in force depending on your citizenship. This pamphlet is only intended for citizens of the states that are not members of the EU or EFTA. The pamphlet First steps for citizens from EEA and EFTA states contains information for other nationalities. That pamphlet, along with all important information on Icelandic society, can be found on the website of the Multicultural and Information Centre.

/ 5 /

At the Multicultural and Information Centre, you can obtain information regarding immigration issues, Icelandic society, Icelandic lessons, rights and duties, interpretation and translation services and more.

The Multicultural and Information Centre – Tel.: **450 3090**

Information on foreign embassies and consulates can be found on the website of the Ministry for Foreign Affairs Utanríkisráðuneytið.

The Minister of Welfare and Equality is the supreme authority in the affairs of immigrants, and the Multicultural Centre is subject to the authority of the Ministry of Welfare. The Icelandic Directorate of Immigration is subject to the Ministry of Justice and provides services in connection with the processing of residence permits, visas, citizenship and more. The Icelandic Directorate of Immigration (www.utl.is), tel. 444 0900.



ÍSLAND Í HNOTSKURN

Höfuðborg: Reykjavík

Opinbert tungumál: Íslenska

Tímabelti: UTC + 0 (enginn sumartími)

Þjóðarlén: .is

Landsnúmer: +354

Íbúaföldi 2017: 338.349

Þjóðsöngur: Lofsöngur

Stjórnarfar: Lýðveldi með þingbundinni stjórn

Stjórnsýsla: Ríki og sveitarfélög

/ 6 /

Ísland er meðal annars aðili að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið (EES), Fríverslunarsamtökum Evrópu (EFTA), Atlantshafsbandalaginu (NATO), Norðurlandaráði og Schengen-samstarfinu.

Peningar

Gjaldmiðillinn er króna – ISK. Bankar skipta gjaldeyri. Flestar verslanir, fyrirtæki og leigubílar taka greiðslukort (debet og kredit). Ekki er víst að tekið sé við erlendum gjaldeyri í verslunum. Gengi gjaldmiðla er unnt að skoða á vefsíðu [Seðlabanka Íslands](#).

Netið

Aðgangur að netinu er ókeypis á mörgum kaffihúsum. Netaðgangur er einnig ódýr eða ókeypis á upplýsingamiðstöðvum og bókasöfnum.

Saga

Ísland var hluti af danska konungsveldinu en fékk fullt sjálfstæði 17. júní 1944 þegar það varð lýðveldi. Árið 1904 fékk Ísland heimastjórn og 1918 hlaut það fullveldi. Áður en Ísland laut stjórn Danmerkur var það hluti af norska konungsveldinu.

Trú

Trúfrelsi ríkir á Íslandi og er öllum heimilt að standa utan trúfélaga. Um 74% landsmanna tilheyra þjóðkirkjunni sem er evangelísk-lútersk. Erlendir ríkisborgarar eru skráðir í ótilgreint trúfélag við nýskráningu hjá Þjóðskrá Íslands nema þeir óski sérstaklega eftir að vera skráðir í trúfélag eða lífsskoðunarfélag.

ICELAND IN A NUTSHELL

Capital: Reykjavík

Official language: Icelandic

Time zone: UTC + 0 (no summer time)

National internet domain: .is

Country code: +354

Population 2017: 338,349

National anthem: Lofsöngur

Regime: Parliamentary republic

Administration: State and municipalities

/ 7 /

Iceland is a party to the Agreement on the European Economic Area (EEA), the European Free Trade Association (EFTA), the North Atlantic Treaty Organisation (NATO), the Nordic Council and the Schengen scheme.

Money

The currency is the Icelandic króna – ISK. Foreign currencies can be exchanged in banks. Most shops, companies and taxis accept payment by card (debit and credit cards). One cannot rely on shops accepting foreign currencies. Exchange rates can be seen on the website of the Central Bank of Iceland.

Internet

Access to the Internet is free of charge in many cafés. Internet access is also inexpensive or free of charge in information centres and libraries.

History

Iceland was under Danish Rule but gained full independence on 17 June 1944, when it became a republic. In 1904, Iceland was granted home rule and sovereignty under a joint monarchy with Denmark in 1918. Before Iceland came under Danish rule, it was a part of the Kingdom of Norway.

Religion

Iceland has complete freedom of religion, and any person, moreover, is free to refrain from religious affiliation. Approximately 74% of the population belong to the National Church, which is evangelical Lutheran.

Foreign nationals are registered as belonging to an undefined religious association when first registering with Registers Iceland unless they specifically request to be registered with a religious association or a life stance affiliation.

HÁTÍÐISDAGAR OG FRÍDAGAR

Stórhátíðisdagar:

- Nýársdagur (1. janúar)
- Föstudagurinn langi
- Páskadagur
- Hvítasunnudagur
- 17. júní (þjóðhátíðardagur Íslendinga)
- Aðfangadagur jóla (24. desember) eftir klukkan 12.00
- Jóladaur (25. desember)
- Gamlársdagur (31. desember) eftir klukkan 12.00

/ 8 /

Ef unnið er á þessum dögum eru laun greidd samkvæmt svokölluðum stórhátíðartaxta sem er hærri en hefðbundinn yfirvinnutaxti.

Almennir frídagar:

- Annar í jólum (26. desember)
- Skírdagur
- Annar í páskum
- Sumardagurinn fyrsti
- Uppstigningardagur
- 1. maí (alþjóðlegur frídagur verkafólks)
- Annar í hvítasunnu
- Frídagur verslunarmanna (fyrsti mánudagur í ágúst)

Þegar unnið er á þessum dögum eru laun greidd samkvæmt hefðbundnum yfirvinnutaxta.

Á vefsíðu Fjölmenningsseturs er dagatal þar sem hægt er að kynna sér siði og venjur á Íslandi sem tengjast hátíðisdögum og öðrum atburðum.

AKSTUR OG ÖRYGGI

Öllum er skylt að nota bílbelti á Íslandi og bannað er að tala í farsíma undir stýri nema með handfrjálsum búnaði. Hraðakstur og akstur undir áhrifum áfengis er litinn alvarlegum augum og eru refsingar háar fjársektir, ökuleyfissvipting og varðhald við ítrekuð brot. Öryggisreglur varðandi barnabílstóla og börn í bíl má finna á vefsíðu miðstöðvar slysavarna barna: msb.is.

Sektir geta haft áhrif á veitingu íslensks ríkisborgaréttar.

MAJOR AND GENERAL HOLIDAYS

Major public holidays:

- New Year's Day (1 January)
- Good Friday
- Easter Sunday
- Whitsun
- 17 June (Iceland's Independence Day)
- Christmas Eve (24 December) after 12:00
- Christmas Day (25 December)
- New Year's Eve (31 December) after 12:00

/ 9 /

For work on these days, workers are paid according to the so-called major public holiday rate, which is higher than the regular overtime rate.

General holidays:

- Second day of Christmas (26 December)
- Maundy Thursday
- Easter Monday
- First day of summer
- Ascension Day
- 1 May (international labour day)
- Whit Monday
- The first Monday of August (Shop and Office Workers' holiday)

For work on these days, workers are paid according to the regular overtime rate.

The website of the Multicultural Centre contains a calendar where it is possible to find out about the customs and traditions in Iceland with respect to the major holidays and other events.

DRIVING AND SAFETY

Using seatbelts is mandatory in Iceland, and using the phone while driving is prohibited except with hands-free equipment. Driving above the speed limit and under the influence of alcohol are considered serious offences and are punished by high fines, suspension of driving licence and imprisonment in the case of repeated offences. Safety rules relating to child seats and children in cars may be found on the website of Centre for Children's Accident Protection: msb.is.

Fines can also have an effect on the granting of Icelandic citizenship.

ÞJÓÐSKRÁ ÍSLANDS OG KENNITALA

Þjóðskrá Íslands heldur skrá yfir alla sem búa eða hafa búið á Íslandi. Í þjóðskrá eru skráðar kennitölur manna, nöfn þeirra, kyn, hjúskaparstaða, lögheimili, aðsetur ef við á, pósthfang, trúfélag, fæðingarstaður og ríkisfang. Allir sem ætla að dvelja á Íslandi í þrjá til sex mánuði eða lengur verða að vera skráðir í þjóðskrá.

Sá sem dvelur á Íslandi í sex mánuði eða lengur skal eiga lögheimili á Íslandi. Skráð lögheimili er oft forsenda þess að eiga rétt á þjónustu ríkis og sveitarfélaga.

Haldin er sérstök skrá yfir erlenda ríkisborgara sem fá úthlutað kennitölu en eru ekki skráðir með lögheimili hér á landi, svokölluð kerfiskennitala. Kerfiskennitala veitir engin réttindi á Íslandi og staðfestir ekki rétt til dvalar.

Þjóðskrá Íslands tekur við tilkynningum fólks um búferlaflutninga, innanlands og milli landa, beiðnum um nafnbreytingar, nafngjafir barna, tilkynningum/gögnum um breytingar á hjúskaparstöðu og skráningu sambúðar. Ýmis vottorð eru gefin út hjá Þjóðskrá, svo sem fæðingarvottorð, vottorð um hjúskaparstöðu, sambúðarskráningu, búsetu og dánarvottorð.

Kennitala er tíu stafa auðkennitala. Aðeins einn getur borið hverja tölu. Fyrstu sex tölur kennitölu taka mið af fæðingardegi viðkomandi. Aftan við bætast svo fjórir aukastafir. Dæmi: Sá sem er fæddur 17. júlí 1966 fær kennitöluna 170766 og síðan fjóra aukastafi.

Íslykill

Í mörgum tilfellum er krafist sérstaks auðkennislykils sem kallaður er Íslykill, þegar fólk ætlar að nýta sér ákveðna þjónustu eða fá upplýsingar hjá sveitarfélögum, stofnunum, fyrirtækjum og félagasamtökum í gegnum netið. Íslykill er lykilorð sem tengt er kennitölu einstaklings eða lögaðila. Ekki er hægt að úthluta Íslykli til einstaklinga sem einungis eru með kerfiskennitölu. Hægt er að panta Íslykilinn hjá Þjóðskrá Íslands og að velja um að fá hann sendan í heimabankann, í pósti á lögheimili eða láta senda hann í sendiráð til þeirra sem búa erlendis.

Íslykill veitir meðal annars aðgang að Réttindagátt Sjúkratrygginga Íslands (SÍ) þar sem hægt er að sjá yfirlit yfir heilbrigðiskostnað og fleira. Á Íslandstorgi er meðal annars mögulegt að fara inn á fjölmarga vefi og skoða sín eigin mál þar og fá yfirlit.

Rafræn skilríki

Rafræn skilríki eru persónuskilríki sem notuð eru rafrænt. Þau eru bæði fyrir farsíma og snjallkort. Hægt er að nota þau til auðkenningar og fullgildrar undirritunar og bjóða flestar opinberar stofnanir og sveitarfélög, ásamt bönkum og fleiri fyrirtækjum, upp á innskráningu með rafrænum skilríkjum. Sótt er um rafræn skilríki í bönkum, sparisjóðum eða hjá Auðkenni. Athugið að taka þarf með gild skilríki með mynd. Þeir sem eru einungis með kerfiskennitölu geta notað rafræn skilríki í samskiptum við banka en sjaldnast í samskiptum við aðra opinbera aðila. Nánari upplýsingar má finna [hér](#).

REGISTERS ICELAND (ÞJÓÐSKRÁ ÍSLANDS) AND ID NO.

Registers Iceland maintains a record of all those who live or have lived in Iceland. Registers Iceland contains an individual's ID No., name, gender, marital status, domicile, residency if appropriate, mailing address, religious affiliation, place of birth and nationality. Anyone intending to stay in Iceland for six months or longer must be registered with Registers Iceland.

Anyone intending to stay in Iceland for six months or longer must have a legal domicile in Iceland. A registered domicile is often a prerequisite for being entitled to services from the state and municipal authorities.

A special register is kept of foreign citizens who have been allocated an ID number but who are not registered as having a domicile in Iceland, i.e. a system ID No. The system ID No. does not grant any rights in Iceland and does not confirm the right to stay.

Registers Iceland accepts notifications of changes in residency, within Iceland and between countries, requests for name changes, the naming of children, notifications/documentation on changes to marital status and registrations of cohabitation. A range of certificates are issued by Statistics Iceland, such as birth certificates, marriage certificates, cohabitation certificates, residency and death certificates.

An ID number (ID No., kennitala) is a ten-digit personal identification number. Only one person can have each number. The first six digits are the date of birth of the person in question. Thereafter are four additional digits. Example: A person born on 17 July 1966 will be allocated the ID No. 170766 and then four additional digits.

Íslykill

In many cases, a special authentication token may be required, named the Íslykill, when persons intend to take advantage of certain services or obtain information from municipal authorities, public bodies, companies and NGOs over the Internet. Íslykill is a password linked to the ID No. of an individual or legal entity. Íslykill cannot be issued to a person who only has a system ID No. The Íslykill can be ordered from Registers Iceland. The applicant can decide whether to have it sent to his online bank account, by mail to his domicile or for those living abroad, have it sent to an embassy.

Íslykill provides, among other things, access to the Entitlement portal (Réttindagátt) of Icelandic Health Insurance (Sjúkratrygginga Íslands (SÍ)), where it is possible to see overviews of healthcare costs and more. Íslandstorg provides users access to numerous websites to examine their own information and obtain statements.

Electronic identification

Electronic identification is personal identification that is used electronically. It is for both mobile phones and smartcards. It is possible to use it for authentication and is a fully valid signature. Most public bodies and municipalities, together with banks and other companies, offer the option of registering with electronic identification. Applications for electronic identification can be made in banks, savings banks or at Auðkenni. Remember to bring valid identification documents with a photo. Those who only have a system ID No. can use electronic identification in transactions with banks but rarely in communications with other public bodies. Further information may be found [here](#).



LÖG OG REGLUR

Samkvæmt íslensku stjórnarskránni skulu allir jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda án tillits til kynferðis, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ætternis og stöðu að öðru leyti. Konur og karlar skulu njóta jafns réttar í hvívetna.

Íslenska lögreglan er ríkislögregla og er dómsmálaráðherra yfirmaður allrar löggæslu í landinu. Dómstigin eru tvö; héraðsdómstólar og hæstiréttur. Þriðja dómstigið, Landsréttur, sem er áfrýjunardómstóll, tekur til starfa 1. janúar 2018.

Lög og reglur eru ekki nákvæmlega eins í neinu ríki og því er mikilvægt að kynna sér lög í nýju landi. Upplýsingavefurinn island.is inniheldur viðamiklar upplýsingar á íslensku og ensku, á vef Alþingis má finna íslenska lagasafnið og á vef Stjórnarráðsins lög og reglugerðir sem þýddar hafa verið yfir á ensku (www.stjornarrad.is/www.government.is).

/ 12 /

Á Íslandi gilda sérstök lög varðandi vernd barna. Öllum ber skylda til að láta vita í síma 112 ef grunur leikur á að börn séu beitt líkamlegu, andlegu eða kynferðislegu ofbeldi. Sjá upplýsingabæklinginn Við og börnin okkar.

Sjálfræðisaldur er 18 ár á Íslandi. Þá fær einstaklingur lögræði, það er fjárræði og sjálfræði, ásamt því að öðlast kosningarétt. Bílpróf má taka 17 ára en leyfi til að kaupa áfengi miðast við 20 ár.

Allir sem eru 18 ára og eldri mega ganga í hjúskap og skrá sig í sambúð, einnig einstaklingar af sama kyni. Hægt er að fá skilnað þótt makinn vilji það ekki. Við skilnað er eignum og skuldum venjulega skipt til helminga á milli hjóna nema samningur hafi verið gerður um annað. Slíkur samningur (kaupmáli) er oft gerður ef annar aðilinn á eignir áður en hann gengur í hjónaband.

Við sambúðarslit fær hvor aðili um sig þær eignir sem hann er skráður fyrir og sameiginlegar eignir skiptast á milli þeirra. Ef annar aðilinn er skráður eigandi allra eigna getur hinn gert kröfu um hlutdeild í eignamyndun á sambúðartímanum. Ef annar aðili sambúðarinnar fellur frá, á sá sem eftir lifir ekki erfðarétt eftir hann.

Samkvæmt lögum er forsjá yfir börnum sameiginleg við skilnað og sambúðarslit nema annað sé ákveðið. Foreldrar þurfa að ákveða hjá hvoru þeirra barn skuli eiga lögheimili og þar með hafa, að jafnaði, fasta búsetu. Sýslumaður getur úrskurðað varðandi umgengnisrétt en ef ágreiningur er um forsjá þarf að vísa honum til dómstóla.

Lögleg búseta á Íslandi

Ríkisborgarar ríkja sem ekki eiga aðild að EES- eða EFTA-samningnum þurfa að sækja um dvalarleyfi eða dvalarleyfisskrirteini hjá Útlendingastofnun ef þeir ætla að dvelja lengur en þrjá mánuði á Íslandi.

¹ Þegar fólk er í sambúð þá býr það saman; ef fólk er í skráðri sambúð býr það saman eins og hjón og nýtur ákveðinna réttinda, til dæmis í sambandi við skatta, þótt það sé ekki gift. Hægt er skrá sambúð sína hjá Þjóðskrá Íslands á þar til gerðu eyðublaði.

LAWS AND REGULATIONS

Under the Icelandic constitution, everyone is equal before the law and enjoys human rights regardless of gender, religion, opinions, national origin, race, skin colour, economic status, lineage and other status. Men and women shall enjoy equal rights in all respects.

The Icelandic police are state police, and the Minister of the Interior is the supreme head of all policing in the country. There are two court levels: District Courts and the Supreme Court. The third court level, Landsréttur, which is an appeals court, will begin operations on 1 January 2018.

Laws and regulations are not exactly the same in any two countries, and it is therefore important to familiarise yourself with the laws in a new country. The website island.is contains extensive information in Icelandic and English. On the Parliament's website Alpingi, you can find the all laws, and on the government ministries' website, you can find laws and regulations that have been translated into English (www.stjornarrad.is/www.government.is).

/ 13 /

Special laws are in force in Iceland on the protection of children. Everyone has a legal obligation to inform the police by calling 112 if they know or suspect that children or young people (up to the age of 18) are being abused – physically, mentally or sexually. See the information leaflet *Our Children and Ourselves*.

The age of majority is 18 years in Iceland. Then the person receives legal competence (the right to decide his or her own financial and personal affairs) and also the right to vote. A driving test can be taken at the age of 17. The minimum age to be permitted to buy alcohol is 20.

Anyone who is 18 or older may get married and register in cohabitation¹, including individuals of the same sex. You can get a divorce even if your spouse does not want to. When people divorce, their assets and debts are usually divided evenly between the spouses, unless they have made an agreement on some other arrangement. Such an agreement (prenuptial agreement) is often made if one of the parties has assets prior to the wedding.

Upon end of cohabitation, each party receives the assets that he is registered for and shared assets are divided between the parties. In the event that one party is registered for all the assets, the other party can claim a share in the assets formed during the period of cohabitation. If one of the parties dies, the surviving party will not inherit.

By law, parents have joint custody of their children when they divorce or end their cohabitation, unless otherwise decided, meaning that they share the responsibility of looking after the children. The parents must decide with which of them the child shall have legal residence and thereby, regular permanent domicile. The district commissioner can make a ruling regarding rights of access/visitation rights, but if there is dispute regarding custody, it must be referred to the courts.

Legal residence in Iceland

Citizens of states that are not members of the EEA or EFTA agreements must apply for a residence permit or residence permit certificate from the Directorate of Immigration if they intend to stay in Iceland for longer than three months.

¹ When people are in cohabitation, they live together; if they are in registered cohabitation, they live together as a couple and enjoy certain rights, for example as regards taxes, although they are not married. It is possible to register the cohabitation with the Icelandic National Registry by using the appropriate form.

Dvöl án dvalarleyfis

Útlendingi sem þarf vegabréfsáritun til landgöngu er ekki heimilt að dveljast hér á landi lengur en áritunin segir til um nema sérstakt leyfi komi til. Erlendum ríkisborgurum sem þurfa ekki vegabréfsáritun til landsins er óheimilt að dveljast lengur en 90 daga frá komu til landsins án sérstaks leyfis. Dvöl í öðru ríki, sem tekur þátt í Schengen-samstarfinu, telst jafngilda dvöl hér á landi, sjá [lög um útlendinga](#).

Dvalarleyfi er forsenda löglegar búsetu á Íslandi.

Skráning vegna langtímadvalar

/ 14 /

ÁÐUR EN KOMIÐ ER TIL LANDSINS

Það eru nokkur atriði sem mikilvægt er að skoða áður en komið er til Íslands. Athuga þarf hvort vegabréfsáritun sé nauðsynleg fyrir komuna til landsins og hvaða fylgigögn frá heimalandi þurfi að fylgja umsókn um dvalarleyfi. Dvalarleyfi er forsenda löglegar dvalar í landinu. Umsækjandi þarf að ganga úr skugga um hvort hann hefur heimild til að vera staddur á landinu meðan umsókn er í vinnslu, [sjá hér](#).

Vegabréfsáritun

Útlendingastofnun veitir upplýsingar varðandi vegabréfsáritanir og þau ríki sem eru undanþegin vegabréfsáritun. Upplýsingar eru á vef Útlendingastofnunar (www.utl.is).

Umboð

Ef umsækjandi getur ekki sjálfur verið í samskiptum við Útlendingastofnun þarf hann að veita aðstandanda eða öðrum aðila á Íslandi umboð til þess, sjá nánar á vef stofnunarinnar (www.utl.is). Mikilvægt er að umsækjandi kynni sér vel allt umsóknarferlið því hann ber ávallt ábyrgð á þeim upplýsingum sem fylgja umsókn.

Dvalarleyfi – Útlendingastofnun tekur ákvörðun um veitingu dvalarleyfa

Umsækjandi kannar hvort hann uppfyllir skilyrði dvalarleyfis. Sótt er um dvalarleyfi í samræmi við tilgang dvalar. Helstu flokkar dvalarleyfa eru:

- Dvalarleyfi vegna atvinnuþátttöku.
- Dvalarleyfi vegna menntunar og menningarskipta.
- Dvalarleyfi vegna fjölskyldusameiningar.

Dvalarleyfi á grundvelli atvinnu skiptast í fjóra flokka sem eru dvalarleyfi íþróttafólks, sérfræðinga, leyfi vegna skorts á starfsfólki og dvalarleyfi fyrir sérhæfða starfsmenn á grundvelli samstarfs- eða þjónustusamnings. Dvalarleyfi á grundvelli atvinnu eru ekki gefin út nema viðkomandi fái einnig atvinnuleyfi á Íslandi og sækja þarf þá um bæði leyfin samtímis. Vinnuálastofnun (www.vinnuastofnun.is) veitir atvinnuleyfi.

Sérstakar reglur gilda um dvalarleyfi vegna fjölskyldusameiningar. Nánar er fjallað um þær á vefsíðu Útlendingastofnunar.

Stay without residence permit

Foreigners who need a visa to enter the country are not permitted to stay in Iceland for longer than their visa specifies except by special permission. Foreign nationals who do not need a visa to enter Iceland may not reside in Iceland for more than 90 days from their arrival except with special permission. Stays in another country that participates in the Schengen scheme is regarded as the same as being in this country, see the Act on foreigners.

A residence permit is essential for legal residence in Iceland.

Registration for long-term stay

BEFORE ARRIVING IN THE COUNTRY

There are a few things that you must check carefully before coming to Iceland. You should find out if you have to have a visa to be allowed into Iceland and what documents from your home country you will have to submit with your application for a residence permit. Remember: you will have to get a residence permit to be allowed to stay in Iceland legally. Applicants must find out whether they are authorised to be in the country while their application is being processed, [see here](#).

/ 15 /

Visas

The Directorate of Immigration gives information on visas and what states' citizens are exempt from the requirement to have visas. This information is available on the Directorate's website (www.utl.is).

Agent

If you cannot communicate with the Directorate of Immigration yourself, you must give the name of a relative or another person in Iceland (your "agent") who can do this for you. See further information on the website of the Directorate (www.utl.is). As an applicant, it is important that you properly familiarise yourself with the entire application process, as you are, at all times, responsible for the information attached to the application.

Residence permit – The Icelandic Directorate of Immigration decides whether residence permits are issued.

Applicants are to investigate whether they meet conditions for a residence permit. When you apply for a residence permit, you must specify the purpose of your stay. The main categories of residence permits are:

- Residence permit for employment.
- Residence permit for education and cultural exchange.
- Residence permits for family reunification.

Residence permits for employment purposes are divided into four categories. These involve permits for athletes, experts, permits due to lack of employees and permits for specialist employees on the basis of co-operative or service agreements. Residence permits are not granted for employment purposes unless you are also granted a work permit in Iceland, and you must apply for both permits at the same time. The Directorate of Labour (Vinnuálastofnun.is) grants employment permits.

Special rules apply to residence permits for family reunification. This is discussed in further detail on the website of the Directorate of Immigration Útlendingastofnunar.

Dvalarleyfi og atvinnuleyfi í öðru EES- og EFTA-ríki gildir ekki á Íslandi.

Umsókn um fyrsta leyfi

Almenna reglan er sú að umsókn um fyrsta leyfi þarf að vera samþykkt af Útlendingastofnun áður en komið er til landsins.

Undantekning

Frá þessu er heimilt að víkja ef umsækjandi um dvalarleyfi er undanþeginn áritunarskyldu og í undantekningartilvikum vegna fjölskyldusameiningar, atvinnu eða ef ríkar sanngirnisstæður mæla með því, sjá nánar á utl.is.

/ 16 /

Ríkisborgarar ríkja utan EES og EFTA, sem eru aðstandendur ríkisborgara EES- eða EFTA-ríkis², þurfa að sækja um dvalarskírteini hjá Útlendingastofnun innan þriggja mánaða frá komu til landsins. Nánari upplýsingar eru á vef [Útlendingastofnunar](#).

Dvalarleyfi er ekki gefið út nema umsækjandi uppfylli ákveðin grunnskilyrði sem eru meðal annars:

- trygg framfærsla og
 - sjúkratrygging.
-

GRUNNSKILYRÐI DVALARLEYFIS

Trygg framfærsla

Umsækjandi verður að geta sýnt fram á trygga framfærslu og er þá átt við **eitthvað** af eftirfarandi:

- Atvinnutekjur eða fastar reglubundnar greiðslur.
- Eigið fé (til dæmis inni á bankareikningi).
- Greiðslur frá öðrum nánnum fjölskyldumeðlimi (ef umsækjandi er foreldri, 67 ára og eldra).

Ef framfærsla er í formi atvinnutekna eða fastra reglubundinna greiðslna þarf að framvísa ráðningarsamningi, launaseðlum eða vottorði frá vinnuveitanda um starfshlutfall og ráðningartíma.

Ef um er að ræða eigið fé, sem umsækjandi notar til framfærslu, þá þarf það að vera í gjaldmiðli sem skráður er hjá Seðlabanka Íslands (www.sedlabanki.is). Sama gildir um námslán eða námsstyrki vegna námsmanna.

Upplýsingar um viðmið vegna lágmarksframfærslu er að finna á vef [Útlendingastofnunar](#).

Greiðslur í formi félagslegrar aðstoðar frá ríki eða sveitarfélagi teljast ekki trygg framfærsla.

² Aðstandandi í þessu tilviki telst maki eða sambúðarmaki ríkisborgara EES- eða EFTA-ríkis, barn hans eða maka (undir 21 árs aldri eða á hans framfæri) eða foreldri hans eða maka (sem er á hans framfæri).

Residence permits and work permits in other EEA and EFTA states are not valid in Iceland.

Application for the first permit

The general rule is that the application for your first permit must be approved by the Directorate of Immigration before you arrive in Iceland.

Exceptions

This rule may be departed from if the applicant for a residence permit is exempted from the obligation of obtaining a visa and in exceptional cases on the basis of family reunification, employment or if significant fairness reasons recommend such exemption. For further information, see utl.is.

Citizens of non-EEA and -EFTA states who are relatives of citizens of EEA or EFTA member states² need to apply for a residence permit from the Directorate of Immigration no later than three months after arriving in Iceland. This information is available on the Directorate's website (www.utl.is).

A residence permit is not issued unless you meet certain basic requirements such as:
secure means of support and
– health insurance

BASIC CONDITIONS FOR A RESIDENCE PERMIT:

Secure means of support

You must be able to demonstrate that you have reliable means of financial support. This may take any of the following forms:

- Employment wages or fixed regular payments.
- Equity (e.g. funds in a bank account).
- Payments from other close family members (if the applicant is a parent aged 67 or older).

If your means of financial support is in the form of employment wages or fixed regular payments, then you must submit your employment contract, pay slips or a certificate from your employer stating the proportion of full-time job you are employed in and how long your employment is to last.

If your financial support is in the form of private funds, these must be in a currency listed by the Central Bank of Iceland (www.sedlabanki.is). The same applies to student loans or education grants for students.

Information on criteria for minimum financial support can be found on the Directorate of Immigration's website Útlendingastofnun.

Payments in the form of social assistance from a state or municipality are not considered a secure means of support.

² "Relative" here means: the spouse or a cohabiting spouse of a citizen of an EEA or EFTA member state, his or her child or spouse's child (under the age of 21 or dependent on him/her for maintenance) or his or his spouse's parent (who is dependent on him/her for maintenance).



SJÚKRATRYGGING

Umsækjandi þarf að kaupa sjúkratryggingu sem kallast sjúkrakostnaðartrygging hjá vátryggingafélagi sem er með starfsleyfi á Íslandi. Tryggingin þarf að gilda í minnst sex mánuði frá skráningu lögheimilis eða þar til viðkomandi er búinn að ávinna sér rétt til að vera sjúkratryggður á Íslandi. Mikilvægt er að kynna sér skilmála vel því tryggingin tekur til dæmis ekki til kostnaðar við meðgöngu og fæðingu barns hér á landi.

Nánari upplýsingar veita vátryggingafélögin; (www.vordur.is, www.tm.is, www.vis.is, www.sjova.is).

Börn og unglingar, yngri en 18 ára, eru sjúkratryggð með foreldrum sínum eða forsjármönnum, hafi þeir áunnið sér rétt. Sama gildir um kjörbörn, stjúpborn og fósturbörn.

Þeir sem ekki eru sjúkratryggðir þurfa að greiða hærra gjald fyrir heilbrigðisþjónustu. Upplýsingar um sjúkratryggingar og fleira er að finna á vefsíðu Tryggingastofnunar ríkisins (www.tr.is) og á vefsíðu Sjúkratrygginga Íslands (www.sjukra.is).

Tilkynning um dvalarstað

Nauðsynlegt er að tilkynna um dvalarstað til að unnt sé að gefa út leyfi og skrá viðkomandi í þjóðskrá.

Fylgigögn og vottorð

Útlendingastofnun og fleiri stofnanir gera þær kröfur að öllum erlendum vottorðum, sem eru á öðrum tungumálum en ensku eða Norðurlandamáli, fylgi þýðing sem unnin er af löggiltum skjalabýðanda, hvort sem er á Íslandi eða erlendis. Upplýsingar um löggilta skjalabýðendur á Íslandi er að finna á vefsíðu Félags dómtúlka og skjalabýðenda (www.flds.is).

Áður en sótt er um dvalarleyfi á Íslandi þarf að útvega ýmis vottorð og gögn sem þurfa að fylgja með umsókninni. Það fer eftir tilgangi dvalar og tegundum leyfa hvaða fylgigagna er óskað. Upplýsingar um hvaða fylgigögn þurfa að fylgja í hverju tilviki er að finna á vefsíðu Útlendingastofnunar (www.utl.is).

Ef ástæða þykir til áskilur Útlendingastofnun sér rétt til að óska eftir staðfestingu á lögmati erlendra vottorða. Um er að ræða annaðhvort „**apostille**“-vottun frá heimaríki umsækjanda eða tvöfalda staðfestingu frá utanríkisráðuneyti í heimaríki og sendiráði viðkomandi ríkis á Íslandi eða næsta sendiráði (hafi viðkomandi ríki ekki sendiráð á Íslandi).

Nánari upplýsingar um apostille-vottun er að finna á vefsíðu [HCCCH](http://www.hccch.is).
Pau gögn (ef við á) sem nauðsynlegt er að skila í **frumriti** eða staðfestu afriti eru:

HEALTH INSURANCE

Applicants must buy health insurance, called medical expense insurance, from an insurance company that is licensed to operate in Iceland. The insurance must be valid for at least six months from the date on which legal domicile has been registered, or until the right to be medically insured in Iceland has been acquired. It is important to closely read the terms and conditions, as the insurance does not, for instance, cover the cost of pregnancy and childbirth in Iceland. Further information will be supplied by the insurance companies (www.vordur.is, www.tm.is, www.vis.is, www.sjova.is).

Children and adolescents under the age of 18 are medically insured with their parents or guardians if they have earned entitlement. The same applies to adopted children, stepchildren and foster children.

Those who do not have health insurance must pay a higher fee for health services. Information on health insurance and more can be found on the website of the Social Insurance Administration (Tryggingastofnun) (www.tr.is) and on the website of Icelandic Health Insurance (Sjúkratryggingar Íslands) (www.sjukra.is).

Notification of place of residence

Notification of place of residence must be provided in order to issue a permit and register the person with Registers Iceland.

Supplementary documents and certificates

The Directorate of Immigration and other institutions make the requirement that all foreign certificates that are in languages other than English or the Nordic languages must be accompanied by a translation by a certified translator, either from Iceland or another country.

Information on certified translators in Iceland can be found on the website of the Association of Certified Court Interpreters and Translators (www.flds.is).

When applying for a residence permit in Iceland, there are various certificates and documents that you must submit with your application. What these are will depend on the purpose of your stay and the type of permit you are applying for. You can find information on the documents to be submitted on the Directorate of Immigration's website (www.utl.is).

The Directorate of Immigration reserves the right to request confirmation of legitimacy of foreign certificates. This could involve either an "apostille" certification from your home state or a double confirmation from the ministry for foreign affairs in your home state and the embassy of that state in Iceland or the nearest embassy (if the state in question does not have an embassy in Iceland).

Further information on apostille certification can be obtained from the website of HCCH. The documents (if applicable) you must submit as originals or certified copies are:

- sakavottorð,
- hjúskaparvottorð,
- fæðingavottorð,
- forsjárgögn, skilnaðar- eða dánargögn,
- staðfesting á sambúð eða samvist.

(Staðfest samvist telst hjúskapur samkvæmt íslenskum lögum).

Með staðfestu afriti er átt við að afrit sé tekið af frumriti vottorðs og það staðfest af stjórnvaldi sem hefur heimild til að staðfesta skjöl.

/ 20 /

Mikilvægt er að gildistími vegabréfs sé að minnsta kosti þrjú mánuðir fram yfir áætlaðan dvalartíma.

EFTIR KOMU TIL LANDSINS

Læknisrannsókn

Í mörgum tilvikum þarf umsækjandi að undirgangast læknisrannsókn og skila læknisvottorði til Útlendingastofnunar. Það þarf að gerast innan tveggja vikna frá komu til landsins. Þeir sem leggja fram erlent læknisvottorð yngra en þriggja mánaða, sem metið er fullnægjandi að mati læknis á Íslandi, þurfa ekki að fara í læknisskoðun hér á landi, sjá verklagsreglur á vef [Embættis landlæknis](#).

Myndataka

Útlendingur þarf að mæta í myndatöku, sem fer fram hjá Útlendingastofnun eða hjá sýslumannsembætti utan höfuðborgarsvæðisins, innan tveggja vikna frá komu til landsins. Sýna þarf vegabréf.

Tilkynning um dvalarstað

Ef ekki hefur komið fram tilkynning um dvalarstað í umsókninni þarf að tilkynna það sérstaklega svo unnt sé að gefa leyfið út.

Dvalarleyfiskort

Dvalarleyfiskort er gefið út um leið og tilkynning um dvalarstað og læknisvottorð hefur borist Útlendingastofnun og myndataka hefur farið fram. Dvalarleyfiskortið er staðfesting á lögmætri dvöl réttthafa þess. Upphaf dvalar miðast við útgáfudag kortins. Gildistími dvalarleyfis kemur fram á kortinu.

- Criminal record certificate
- Marital certificate
- Birth certificate
- Custody documents, divorce documents or death certificates
- Confirmation of cohabitation or same-sex union

(Registered cohabitation is regarded as marriage under Icelandic law).

Certified copy means a copy of the original certificate that has been certified by a public entity that has the authorisation to certify documents.

Note: your passport must be valid for at least three months longer than the period you intend to stay in Iceland.

/ 21 /

AFTER ARRIVAL IN ICELAND

Medical examination

In many cases, the applicant must undergo a medical examination and submit a medical certificate to the Directorate of Immigration. This must be done within two weeks of arrival in Iceland. Those who submit a foreign medical certificate that is less than three months old and which is considered adequate by an Icelandic physician do not need to undergo a medical examination in Iceland; see rules of procedure on the website of the Directorate of Health Embættis landlæknis.

Photographs

Foreigners need to have their photograph taken by the Directorate of Immigration or the district commissioner if outside the greater Reykjavík area. This must be done within two weeks of arrival in Iceland. A passport must be shown.

Notification of place of residence

If no notification has been given of the place of residence in the application, a separate notification must be issued in order for the permit to be issued.

Residence permit card

A residence permit card is issued as soon as the notification of place of residence and the medical certificate has been delivered to the Directorate of Immigration and the photograph has been taken. The residence permit card is a confirmation of the legal right of the right holder to stay. The beginning of residency is based on the date of issue of the card. The effective term of the residence permit is stated on the card.

Dvalarskírteini

Ríkisborgari utan EES- eða EFTA-ríkis sem er aðstandandi EES- eða EFTA-ríkisborgara sækir um dvalarskírteini hjá Útlendingastofnun. Við umsókn þarf hann meðal annars að sýna fram á framfærslu og sjúkrakostnaðartryggingu, leggja fram vegabréf, staðfestingu á fjölskyldutengslum, fara í myndatöku hjá Útlendingastofnun eða sýslumannsembættum og gæti auk þess þurft að fara í læknisrannsókn.

Þegar aðstandandi ríkisborgara EES- eða EFTA-ríkis uppfyllir öll nauðsynleg skilyrði er gefið út dvalarskírteini sem sent er á dvalarstað umsækjanda og verður það heimilisfang um leið lögheimili hans. Upphaf dvalar miðast við útgáfudag skírteinisins.

Upplýsingar um lögheimilisskráningu

Starfsfólk Þjóðskrár Íslands veitir upplýsingar um hvort einstaklingar séu skráðir með lögheimili á Íslandi.

Lögheimili verður að vera í húsi sem er skráð sem íbúðarhúsnæði í fasteignaskrá. Ekki má skrá lögheimili á gistihúsi, sjúkrahúsi, í verbúð, vinnubúðum eða öðru húsnæði af því tagi. Aðeins má eiga lögheimili á einum stað. Allir sem hafa fengið lögheimilisskráningu eru skráðir í þjóðskrá.

Flutningur lögheimilis innanlands

Allar breytingar á lögheimili, hvort sem flutt er á milli staða á Íslandi eða frá Íslandi, þarf að tilkynna rafrænt til Þjóðskrár Íslands. Það er gert með því að fylla út eyðublað á vef stofnunarinnar. Nota þarf íslykil eða önnur rafræn skilríki til þess að tilkynna um flutning. Mikilvægt er að tilkynna um hvern flutning hjá Póstinum.

Mikilvægt er að einstaklingar séu skráðir með rétt lögheimili hjá Póstinum og að nöfn þeirra séu á bréfalúgum eða póstkössum.

Skráning úr landi

Það þarf að huga að ýmsu áður en flutt er frá Íslandi. Þeir sem flytja úr landi verða lögum samkvæmt að tilkynna það Þjóðskrár Íslands áður en farið er. Æskilegt er að afla sér upplýsinga um þær breytingar sem verða á réttindum og skyldum hvers og eins við flutning lögheimilis frá Íslandi. Þegar lögheimili hefur verið skráð í öðru landi falla meðal annars sjúkratryggingar á Íslandi strax niður. Nauðsynlegt er að huga að skattskýrslu en upplýsingar má fá hjá [ríkisskattstjóra](#). Mikilvægt er að hafa samband við banka, tryggingafélag og aðrar stofnanir sem hver og einn hefur skuldbindingu við og tilkynna flutning til Póstsins. Nánari er hægt að lesa sér til á vefsíðum [island.is](#) og [hallonorden.org](#).

Endurkoma – útrunnið leyfi

Útlendingur sem hyggst taka aftur upp fasta búsetu á Íslandi þarf að fullnægja sömu kröfum og þegar hann kom í fyrsta skipti til landsins.

Residency certificates

Citizens from outside EEA or EFTA states who are relatives of EEA or EFTA citizens can apply for residency certificates from the Directorate of Immigration. When applying, such person will have to, among other things, provide proof of means of support and medical costs insurance, submit a passport, confirmation of family ties, have a photograph taken by the Directorate of Immigration or a district commissioner and in addition, may possibly have to undergo a medical examination.

When a relative of a citizen of an EEA or EFTA state meets all the necessary conditions, a residency certificate will be issued and sent to the home of the applicant. This address will then automatically be registered as his/her legal domicile. The beginning of residency is based on the date of issue of the certificate.

Information on registering legal domicile

Employees of Registers Iceland provide information on whether a person has a registered legal domicile in Iceland.

Legal domicile must be in a house registered as residential housing in the real estate registry. You may not register your legal domicile in a hostel, hospital, work camp or other similar types of housing. You can only have legal domicile at one location. Everyone who has a registered legal domicile is registered in the National Registry.

Transfer of legal domicile within Iceland

All changes to domicile, whether between locations in Iceland or from Iceland, must be notified to Registers Iceland electronically. This is done by filling in a form on the website of Registers Iceland. Íslykill or other electronic authentication must be used to send the notification. It is important to notify the mail office of any transfer.

It is important that individuals are registered with their correct domicile with the mail office (Pósturinn) and that their name is on their mail slot or mail box.

Transfer of legal domicile to another country

There are several aspects that must be considered when moving from Iceland. Those who move from Iceland must, according to law, notify Registers Iceland before leaving. It is a good idea to obtain information about what the changes to the rights and obligations of each person will be when transferring legal domicile from Iceland. Health insurance entitlements, among other things, expire immediately once legal domicile has been registered in another country. In addition, it is necessary to submit tax returns. Information thereto can be obtained from the Director of Internal Revenue. It is important to contact banks, insurance companies and other public bodies to which the individual has obligations and to notify the mail office of the transfer. Further information may be found on the websites island.is and hallonorden.org.

Return – expired permit

A foreign national who intends to resume permanent residence in Iceland must fulfil the same requirements as when he/she first arrived in the country.

Mikilvæg atriði um kennitölu og lögheimili:

- Útlendingastofnun sækir um skráningu í Þjóðskrá fyrir umsækjanda dvalarleyfis og dvalarskírteinis. Samhliða skráningunni er gefin út kennitala.
- Ef útlendingur þarf kennitölu í öðrum tilgangi en vegna dvalarleyfis þarf stofnun/fyrirtæki að sækja um kennitölu fyrir hann. Athugið að kennitala án skráningar í þjóðskrá veitir engin réttindi hér á landi.
- Útlendingur sem þarf dvalarleyfi eða dvalarskírteini getur ekki sótt um kennitölu sjálfur.
- Þegar dvalarleyfiskort/dvalarskírteini hefur verið gefið út er útlendingur skráður með lögheimili í þjóðskrá.
- Útlendingur nýtur engra dvalarleyfistengdra réttinda á Íslandi fyrr en hann hefur fengið útgefið dvalarleyfiskort/dvalarskírteini.

/ 24 /



VINNA Á ÍSLANDI

Allir launþegar á Íslandi njóta sömu réttinda varðandi laun og önnur starfskjör sem aðildarsamtök vinnumarkaðarins semja um. Á Íslandi eru lágmarkslaun og óheimilt er að greiða eða þiggja lægri laun en kjarasamningur segja til um.

ATVINNULEIT

Atvinnuauglýsingar eru í langflestum tilfellum á íslensku og birtast helst í dagblöðum og á netmiðlum. Hægt að skrá sig í atvinnuleit hjá Vinnumálastofnun og fá upplýsingar um aðrar vinnumiðlanir. Í mörgum tilfellum sækir fólk um starf eða spyrst fyrir hjá fyrirtækjum sem hæfir menntun þeirra og starfsreynslu þótt ekki sé verið að auglýsa eftir fólk. Fjölmenningssetur aðstoðar ekki fólk við að finna vinnu.

Atvinnuleyfi

Þeir sem flytja til landsins vegna atvinnu þurfa að hafa atvinnuleyfi á Íslandi. Fyrsta leyfi er ávallt tímabundið og veitir einungis rétt til að vinna á þeim vinnustað sem tiltekinn er í umsókn. Hefji útlendingur störf áður en leyfið er veitt kann það að leiða til þess að umsókn sé hafnað, viðkomandi fái sekt eða hljóti aðra refsingu. Umsókn um atvinnuleyfi skal leggja fram, ásamt nauðsynlegum fylgigögnum, hjá Útlendingastofnun sem kemur umsókninni áfram til Vinnumálastofnunar séu skilyrði fyrir útgáfu dvalarleyfis til viðkomandi útlendingis uppfyllt. Nánar um [atvinnuleyfi útlendinga](#). Hægt er að kynna sér undanþágur frá atvinnuleyfi á [vef Vinnumálastofnunar](#).

Important aspects as regards ID Nos. and legal domicile

- The Directorate of Immigration applies for registration in Registers Iceland for an applicant of a residence permit and residence certificate. An ID No. is issued at the same time as the registration is made.
- If a foreigner needs an ID No. for purposes other than a residence permit, the institution/company will have to apply for the ID No. on his/her behalf. Note that an ID No. without registration in Registers Iceland does not grant any rights in Iceland.
- A foreigner who requires a residence permit or residence certificate cannot personally apply for an ID No.
- When your residence permit / residence card has been issued, you will be registered in the National Registry as being legally domiciled in Iceland.
- You will have no entitlements or rights relating to residence in Iceland until you have been issued a residence permit / residence card.

/ 25 /

WORKING IN ICELAND

All workers in Iceland have the same rights regarding wages and other employment terms negotiated by the parties to the labour market. Minimum wages have been established in Iceland, and it is forbidden to pay or accept lower wages than stipulated by collective wage agreements.

SEEKING WORK

Employment advertisements are in Icelandic in the majority of cases and are mainly published in newspapers and Internet media. It is possible to register as a job seeker at the Directorate of Labour and get information on other labour exchanges. In many cases, people apply for jobs or makes enquiries in companies whose operation accords with their education and experience even if the company has not advertised for people. The Multicultural Centre does not help people find work.

Work permits

Those who move to the country for employment must have a work permit in Iceland. The first permit is always temporary and only grants permission to work in the workplace specified in the application. If a foreigner begins working before the permit is issued, the result may be that the application is denied, the person may be fined or they may receive some other form of punishment. Applications for work permits are to be submitted, together with necessary attachments, to the Directorate of Immigration, which will forward the application to the Directorate of Labour if all the conditions for the issue of residence permit of the foreigner in question have been met. Further on Work permits or foreigners. Information on exemptions from work permits may found on the website of the Directorate of Labour.

Undanþágur frá atvinnuleyfi vegna skammtíavinnu

Tilteknir útlendingar eru undanþegnir kröfunni um að þurfa atvinnuleyfi til að starfa hér á landi í allt að 90 daga. Þar sem um undanþágu frá meginreglu laganna er að ræða er nauðsynlegt að atvinnurekandi tilkynni um fyrirhuguð störf útlendings hér á landi áður en hann hefur störf, sjá nánar á vef Vinnumálastofnunar.

Ráðningarsamningur

Allir sem vinna á Íslandi eiga að hafa skriflegan ráðningarsamning. Í ráðningarsamningi á að koma fram nafn starfsmanns, upplýsingar um atvinnurekanda, upplýsingar um hvar starfið er unnið, laun, ráðningartíma, uppsagnarákvæði og aðild að lífeyrissjóði og stéttarfélagi.

Samkvæmt lögum um atvinnuréttindi útlendinga getur eingöngu útlendingur sem hefur óbundið atvinnuleyfi stundað sjálfstæða atvinnustarfsemi.

Nánari upplýsingar er að finna á vefsíðum [Alþýðusambands Íslands \(ASÍ\)](#), [Vinnumálastofnunar](#) og einstakra stéttarféлага.

Mikilvægt að athuga

- Að laun séu samkvæmt kjarasamningi.
- Að vinnutími sé ekki lengri en lög og kjarasamningar leyfa.
- Að orlof sé í samræmi við lög og kjarasamninga.
- Að laun séu greidd vegna veikinda eða slysa.
- Að launaseðill fylgi þegar laun eru greidd.
- Að atvinnurekandi borgi skatt af launum.
- Að atvinnurekandi greiði gjöld til lífeyrissjóðs og stéttarfélags.

Alþýðusamband Íslands (ASÍ) er stærsta fjöldahreyfing launafólks á Íslandi og berst fyrir bættum kjörum félagsmanna sinna og réttindum. Langflestir á íslenskum vinnumarkaði eru í stéttarfélagi. Á [vefsíðu ASÍ](#) er hægt að finna upplýsingar um [réttindi og skyldur á vinnumarkaði](#).

Launaseðlar

Launaseðill er skrifleg staðfesting frá vinnuveitanda á fjárhæð launa og þeim gjöldum sem dregin hafa verið af launum, svo sem skatt- og lífeyrissjóðsgreiðslum.

Bankareikningur

Öll laun á að greiða beint til launþega og flestir atvinnurekendur borga laun beint inn á bankareikning. Bankar gera mismunandi kröfur til þeirra sem sækja um að stofna bankareikning. Allir bankar gera þó kröfu um að umsækjandi sé með kennitölu og skilríki með mynd.

Exemptions from work permits for short-term work

Certain foreigners are exempt from the requirement of needing a work permit to work in Iceland for up to 90 days. As the matter concerns an exemption from the general principles of the law, the employer must send notification of the planned work of a foreigner in Iceland before he/she begins work. For further information, see the website of the Directorate of Labour.

Employment contracts

Everyone who works in Iceland should have a written employment contract. An employment contract should include the following: the name of employee, information about the employer, information on where the work is conducted, wages, employment period, termination clauses and membership of a pension fund and union.

According to the Act on Foreign Nationals' Right to Work, only foreigners who have unrestricted work permits may work independently in Iceland.

Further information may be found on the website of the Icelandic Confederation of Labour (ASÍ), the Directorate of Labour and individual labour unions.

Important to note

- That wages are in accordance with collective wage agreements.
- That you cannot be asked to work for longer than the working hours permitted by law and collective agreements.
- That leave is paid in accordance with law and collective agreements.
- That wages are paid during absence from work due to sickness or injuries.
- That you receive a pay slip when wages are paid.
- That your employer pays taxes on your wages.
- That your employer pays dues to your pension fund and union.

The Icelandic Confederation of Labour (Alþýðusamband Íslands, ASI) is the largest movement of wage earners in Iceland and campaigns for the improved terms and rights of its members. The vast majority of people in the Icelandic labour market are members of a union. The ASÍ website contains information on rights and obligations in the labour market.

Pay slips

A pay slip is a written confirmation from the employer of the amount of the wage and the charges that your employer has subtracted from your wages, such as taxes and pension dues.

Bank account

All wages are to be paid directly to employees, and most employers pay wages directly into a bank account. Banks make different demands regarding who can apply to open a bank account. All banks, however, will require you to have an ID No. and personal identification with a photo.

Lögbundnir frídagar

Samkvæmt flestum kjarasamningum eiga þeir sem eru á föstum launum að fá greidd laun fyrir lögbundna frídaga sem lenda á vinnudegi, líkt og um hefðbundinn vinnudag sé að ræða, þótt ekki sé unnið á þeim degi. Ekki er greitt fyrir fasta yfirvinnu á þessum dögum. Ef unnið er á frídegi er greitt sérstaklega fyrir það.

Lífeyrissjóður

Allt launafólk á að borga í lífeyrissjóð. Atvinnurekandi sér um að standa skil á gjöldunum. Launafólk fær greitt úr lífeyrissjóði þegar það lýkur störfum vegna aldurs eða örorku. Atvinnurekanda ber að halda eftir ákveðnum hluta launa starfsmanns sem nefnist iðgjald, en það er sá hluti sem greiddur er til lífeyrissjóðs, ásamt mótframlagi frá atvinnurekandanum sjálfum. Sjálfstætt starfandi einstaklingar þurfa sjálfir að standa skil á lífeyrissjóðsgreiðslum. Hægt er að fá nánari upplýsingar hjá [Landssamtökum lífeyrissjóða](#).

Vandamál á vinnustað

Ef upp koma vandamál á vinnustað, til dæmis vegna launa, vinnutíma eða samskipta er hægt að leita eftir upplýsingum og aðstoð hjá trúnaðarmönnum á vinnustað, stéttarfélagi eða Fjölmenningssetri.

Stærstu stéttarfélögin eru Efling-stéttarfélag, Verslunarmannafélag Reykjavíkur (VR) og heildarsamtök stéttarféлага eins og Bandalag háskólamanna (BHM) og Bandalag starfsmanna ríkis og bæja (BSRB).

Alþýðusamband Íslands stendur í samstarfi við aðildarsamtök sín að verkefni gegn undirboðum og svartri atvinnustarfsemi með yfirskriftinni EINN RÉTTUR-EKKERT SVINDL.

Vinnuvernd

Vinnueftirlit ríkisins er miðstöð vinnuverndarstarfs í landinu. Hlutverk Vinnueftirlitsins er að tryggja að gætt sé að öryggi starfsmanna, haft eftirlit með vinnuáðstöðu þeirra og að gerðar séu ráðstafanir til að koma í veg fyrir slys á vinnustað. Upplýsingar um Vinnueftirlitið ásamt upplýsingaefni um öryggi á vinnustað eru á [vef Vinnueftirlitsins](#). Bæklingur um vinnuvernd á Íslandi – [leiðbeiningar fyrir erlenda starfsmenn](#):

Mat á menntun og starfsreynslu frá öðru landi

Mat á menntun getur bætt stöðu fólks á vinnumarkaði, aukði möguleika á vinnu og hækkað laun. Hægt er að fá upplýsingar um mat á námi á vefsíðum:

- ENIC/NARIC Ísland metur akademískt nám.
- Umsókn um starfsleyfi til að starfa í heilbrigðisþjónustu er send Embætti landlæknis: mottaka@landlaeknir.is.
- Iðan-fræðslusetur sér um mat á iðnmenntun.
- Sjá einnig vefsíðu Fjölmenningsseturs.

Statutory holidays

According to most collective agreements, those who have fixed wages will receive wages for statutory holidays that fall on a working day, just as if it was a regular working day, although working is not required on that day. Fixed overtime is not paid for work on such days. If you work on a holiday, you will receive special payment.

Pension fund

All workers are obliged to pay dues to a pension fund. The employer is responsible for paying the dues. You will receive pension payments from the fund when you stop working due to age or disability. Your employer is required to hold back a certain part of your wages; this is the premium you pay to your pension fund, together with a matching contribution from your employer. Self-employed individuals are responsible for paying their own pension fund premiums. Further information is available from the Icelandic Pension Funds Association.

/ 29 /

Problems at the workplace

If problems arise in the workplace, such as regarding wages, working hours or interpersonal relations, you can seek information and assistance from your union representatives at the workplace, your trade union or the Multicultural and Information Centre.

The largest unions are Efling-stéttarfélag, Verslunarmannafélag Reykjavíkur (VR) and union umbrella associations such as Bandalag háskólamanna (The Icelandic Confederation of Academics, BHM) and Bandalag starfsmanna ríkis og bæja (The Federation of State and Municipal Employees, BSRB).

Alþýðusamband Íslands is involved, together with its member associations, in a project against underbidding and tax evading operations under the slogan EINN RÉTTUR-EKKERT SVINDL (One right – No cheating).

Health and safety

The Administration of Occupational Safety and Health in Iceland (Vinnueftirlit ríkisins) is the centre for health and safety at the workplace operations in Iceland. The role of the Administration of Occupational Safety and Health in Iceland is to ensure that attention is paid to employee safety, that working conditions are monitored and that measures are in place to prevent accidents at the workplace. Information on the Administration of Occupational Safety and Health, together with information on health and safety at the workplace, can be found on the website of Vinnueftirlitið. Leaflet on health and safety in the workplace – Instructions for Foreign Employees.

Assessment of education and experience from another country

Recognition of your education (examinations you have passed, certificates you hold) can improve your status on the labour market, increase your employment prospects and lead to higher wages. Information on the assessment of education can be found on the following websites:

- ENIC/NARIC Iceland evaluates academic studies.
- Applications to work in the health services sector are sent to the Directorate of Health: mottaka@landlaeknir.is.
- Iðan-fræðslusetur is responsible for the assessment of vocational education.
- See also the website of the Multicultural Centre.

Raunfærnimat

Einstaklingar sem ekki hafa lokið framhaldsskólanámi geta sótt um raunfærnimat sem felst í því að lagt er mat á alhliða færni og þekkingu einstaklingsins. Matið er byggt á skólagöngu, starfsreynslu, starfsnámi, frístundanámi, framhaldsfræðslu og félagsstörfum einstaklinga og gefur þeim kost á að ljúka námi í sinni sérgrein. Raunfærnimat fer fram hjá samstarfsaðilum Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins um allt land.

Atvinnuleysisbætur

Þeir sem missa vinnuna geta leitað aðstoðar hjá Vinnumálastofnun vegna atvinnuleitar. Vinnumálastofnun sér jafnframt um skráningu atvinnulausra og greiðslu atvinnuleysisbóta.

Þeir sem eru með tímabundið atvinnu- og dvalarleyfi eiga ekki rétt á atvinnuleysisbótum. Upplýsingar um atvinnuleysisbætur er að finna hjá verkalyðsfélögum og á [vefsíðu Vinnumálastofnunar](#).

„Svört vinna“

Það er ólöglegt að stunda launaða vinnu sem ekki er gefin upp til skatts. Launuð vinna sem ekki er gefin upp til skatts er kölluð *svört vinna*. Ef upp kemst um svarta vinnu má búast við háum fjársektum. Ef laun eru svikin undan skatti borgar atvinnurekandi ekki þau gjöld sem þarf að greiða, til dæmis vegna slysatryggingar starfsmanns, réttinda hans til veikindadaga og orlofs, enginn réttur ávinnst hjá lífeyrissjóðum og réttur til atvinnuleysisbóta skerðist.

Ef óvissa ríkir um hvort atvinnurekandi greiði launatengd gjöld er hægt að leita til stéttarfélaga.

Mikilvægt er að geta sýnt fram á framfærslu þegar sótt er um búsetuleyfi og íslenskan ríkisborgararétt.

Verktaka

Réttarstaða verktaka er hin sama og annarra sem stunda sjálfstæðan atvinnurekstur. Þeir bera sömu ábyrgð og skyldur. Réttarstaða verktaka er ólík réttarstöðu launafólks.

Verktakar njóta ekki þeirra lágmarks kjara sem samið er um á vinnumarkaði,

- Þeir fá ekki laun fyrir viðurkennda frídaga.
- Þeir fá ekki greitt orlof, desemberuppbót eða orlofsuppbót.
- Þeir eiga ekki rétt á launum í veikindatilfellum.
- Þeir eru ekki slysatryggðir.
- Þeir hafa ekki uppsagnarfrest.
- Þeir eiga ekki rétt á greiðslu launa úr Ábyrgðasjóði launa vegna gjaldþrota.
- Réttur til atvinnuleysisbóta er takmarkaður.
- Þeir verða sjálfir að standa skil á iðgjöldum til lífeyrissjóðs.

Sjá nánar á [vefsíðu ASÍ](#).

Skills assessment

Persons who have not completed secondary education can apply for a skills assessment that involves assessing the overall ability and knowledge of the individual. The assessment is based on the schooling, job experience, occupational training, leisure time studies, continuing education and community activities of the individuals and giving them the chance to complete their education in their chosen profession. The skills assessment is carried out by the partners of the Education and Training Service Centre throughout Iceland.

Unemployment benefits

Those who lose their job can seek assistance with looking for a new job from the Directorate of Labour. The Directorate also handles the registration of unemployed workers and the payment of unemployment benefits.

Those who have a temporary work and residence permit are not entitled to unemployment benefits. Information on unemployment benefits can be obtained from trade unions and on the website of the Directorate of Labour Vinnumálastofnun.

/ 31 /

“Moonlighting”

It is against the law to work and accept payment that is not declared to the tax authorities” Paid employment which is not declared for taxes is called “moonlighting” (“svört atvinnustarfsemi” or “að vinna svart” in Icelandic). Anyone found moonlighting can expect a large fine. If you work for wages that are not declared to the tax authorities, then remember: your employer is not paying his part of the insurance premium that should be paid to cover things like insurance if you are injured and your right to leave due to illness; in addition, no pension premium is paid into your pension fund and your right to unemployment benefit is not as great as it would be if the work was paid for in the proper way.

If you are unsure of whether taxes are being paid on your wages, you can seek assistance from your union.

It is important to be able to verify means of support when applying for a permit to stay and Icelandic citizenship.

Contractors

The legal position of contractors is the same as that of others who are independent business operators. They have the same responsibilities and obligations. The legal position of contractors differs from that of wage earners.

Contractors do not enjoy the minimum collective wage terms that have been negotiated in the labour market.

- They do not receive wages on recognised days off.
- They are not paid a holiday allowance, December bonus or holiday bonus.
- They are not entitled to wages during sickness.
- There are not insured against accidents.
- They do not have a notice period for termination.
- They are not entitled to payment from the Wage Guarantee Fund (Ábyrgðasjóður launa) in the event of bankruptcy.
- Entitlement to unemployment benefits is limited.
- They are personally responsible for paying pension fund premiums.

For further information, see the website of ASÍ.

Starfsmannaleigur/útsendir starfsmenn

[Posting.is](#) er vefsíða þar sem nálgast má helstu upplýsingar um réttindi og skyldur erlendra þjónustufyrirtækja og starfsmanna þeirra sem eru sendir til starfa á Íslandi. Þann tíma sem útsendir starfsmenn vinna á Íslandi njóta þeir ákveðinna réttinda og ber erlendum fyrirtækjum að hlýta íslenskum lögum þann tíma sem þeir veita þjónustu hér á landi.

Á síðunni er meðal annars að finna upplýsingar um kaup og kjör, vinnuvernd, skattamál, mat á starfsréttindum, skráningu til Þjóðskrár og upplýsingar um skráningarskyldu erlendra fyrirtækja til Vinnumálastofnunar.

Réttindi í veikindum

Launamenn eiga rétt á launagreiðslum í fjarveru vegna veikinda eða slysa. Tímalengd greiðslu fer eftir starfsaldri og kjara- og ráðningarsamningi starfsmanns. Aukinn réttur skapast stafi óvinnufærni af vinnuslysi eða atvinnusjúkdómi.

Í veikinda- og slysaforföllum greiða sjúkra- eða styrktarsjóðir stéttarfélag dagpeninga, eftir að launagreiðslum frá atvinnurekanda lýkur, en fjárhæð fer eftir sjóðum og þeim réttindum sem launamaður hefur unnið sér inn.

Launamenn eiga rétt á þjónustu ráðgjafa í starfsendurhæfingu hjá stéttarfélagunum vegna langvarandi eða tíðra veikinda eða slysa, sjá upplýsingar á [virk.is](#).

Temporary work agencies / Sent-out employees

Posting.is is a website where you can access the main information on the rights and obligations of foreign service companies and their employees who are sent to work in Iceland. During such time as sent-out employees work in Iceland, they enjoy certain rights, and foreign companies are under obligation to comply with Icelandic laws during the period that they provide services in Iceland.

The site contains, among other things, information on wages and terms, health and safety in the workplace, tax issues, assessment of professional qualifications, registration in Registers Iceland and information on the registration obligations of foreign companies with the Directorate of Labour.

Entitlement during illness

Wage earners are entitled to wages during absences due to illness or accidents. The duration of the payment depends on the length of service and the wage terms and employment contract provisions of the employee. Increased rights are granted in the event that the inability to work is caused by a work-related accident or occupational disease.

During illness and accident absences, the sickness or healthcare funds of the unions pay per diem payments once the payments of the employer cease. The amount depends on the fund and the rights that the wage earner has accrued.

Wage earners are entitled to the services of a consultant in vocational rehabilitation from the union for chronic or repeated illnesses or accidents, see information on virk.is.



ALMANNATRYGGINGAR

Endurhæfing: Endurhæfingarlífeyrir er ætlaður þeim sem eru óvinnufærir vegna sjúkdóma eða slysa og eru í endurhæfingu til að komast aftur út á vinnumarkað.

Örorka: Þeir sem hafa verið metnir til að minnsta kosti 75% örorku til langframa vegna afleiðinga læknisfræðilegra viðurkenndra sjúkdóma eða fötlunar.

Örorkustyrkur: Mat frá tryggingalækni þarf að liggja fyrir um að umsækjandi hafi misst að minnsta kosti 50% af starfsorku sinni en nái ekki 75% starfsorkumissi.

Rétt til endurhæfingarlífeyris, örorkulífeyris og örorkustyrks eiga þeir þeir sem hafa búið á Íslandi í að minnsta kosti þrjú almanaksár frá 16 til 67 ára aldurs eða í sex mánuði ef starfsorka var óskert við flutning til landsins. Fullur réttur miðast við 40 ára búsetu. Réttur þeirra sem búa hér skemur á þessu aldursbili reiknast hlutfallslega.

Ellilífeyrir

Réttur til ellilífeyris miðast almennt við 67 ára aldur og að viðkomandi hafi verið með lögheimili í landinu í að minnsta kosti þrjú almanaksár frá 16–67 ára aldurs. Réttur til ellilífeyris getur myndast við 65 ára aldur ef sérstök skilyrði eru uppfyllt. Fullur ellilífeyrisréttur miðast við 40 ára búsetu hér á landi.

Frekari upplýsingar um lífeyrisgreiðslur má nálgast á [vefsíðu Tryggingastofnunar ríkisins](#).

SOCIAL SECURITY

Rehabilitation: Rehabilitation pensions are intended for persons who are unable to work due to illness or accident and are being rehabilitated in order to be able to return to the labour market.

Disability: Disability pensions are paid if the person is assessed as having at least 75% long-term disability due to the consequences of medically recognised diseases or disability.

Disability allowance: An assessment from an insurance physician stating that the applicant has lost at least 50% of his ability to work but does not achieve the 75% level of inability to work must be submitted.

The entitlement to rehabilitation pension, disability pension and disability allowance is granted to those who have lived in Iceland for at least three calendar years between the age of 16 and 67 or for six months if the ability to work was uncurtailed when relocating to Iceland. Full rights are based on 40 years of residency. The rights of those who have stayed for a shorter period during this age period are calculated proportionately.

/ 35 /

Old-age pension

Entitlement to old-age pension is generally at the age of 67 and that the person has been domiciled in Iceland for at least three calendar years between the ages of 16 to 67. The right to old-age pension can form at the age of 65 if special conditions are fulfilled. Full pension rights are based on 40 years of residency in Iceland.

For further information, see the website of Tryggingastofnun ríkisins (Social Insurance Administration).





SKATTAR

Allir sem vinna á Íslandi eru skattskyldir. Skattur af tekjum einstaklinga skiptist í tekjuskatt til ríkisins annars vegar og útsvar³ til sveitarfélags hins vegar.

Tekjuskattur er þrepaskiptur og fer skatthlutfallið eftir tekjum launþega. Á vefsíðu ríkisskattstjóra er að finna upplýsingar um staðgreiðslu skatta miðað við fjárhæð tekna. Launagreiðandi tekur staðgreiðslu af launum starfsmanns en starfsmaðurinn á rétt á fastri fjárhæð í skattafslátt, svokallaðan persónuafslátt⁴, í hverjum mánuði. Launagreiðandi getur ekki tekið tillit til persónuafsláttar nema starfsmaður hafi óskað eftir að persónuafslátturinn sé nýttur.

Persónuafsláttur

/ 36 /

Allir sem náð hafa 16 ára aldri á tekjuárinu og eru heimilisfastir á landinu eiga rétt á persónuafslætti. Flytjist menn til eða frá landinu á tekjuárinu eða starfa aðeins tímabundið hérlendis reiknast persónuafsláttur aðeins fyrir þann tíma sem þeir voru hér heimilisfastir. Athygli er vakin á að erlendir ríkisborgarar frá ríkjum utan EES þurfa að vera með gilt dvalar- og atvinnuleyfi.

Launamaður upplýsir launagreiðanda sinn um hvort nota eigi persónuafslátt við útreikning staðgreiðslu og þá hversu hátt hlutfall á hverjum stað, starfi hann hjá fleiri en einum vinnuveitanda.

Á launaseðli er tilgreint hvaða sköttum launagreiðandi hefur haldið eftir af launum starfsmanns. **Nauðsynlegt er að varðveita launaseðla til að sanna að sköttum hafi verið haldið eftir.**

Einstaklingar sem skráðir eru í hjónabandi eða sambúð í þjóðskrá geta samnýtt persónuafslátt sinn. Nánari upplýsingar eru á vef ríkisskattstjóra.

Skattframtal

Allir þeir sem eru skattskyldir á Íslandi þurfa að skila skattframtali á hverju ári, venjulega í marsmánuði. Þar skal telja fram heildarlaun ársins á undan, ásamt skuldum og eignum. Ef greitt hefur verið of mikið eða of lítið í skatt er það leiðrétt í júlí sama ár og skattframtali er skilað. Sá sem hefur greitt minna en honum er skylt þarf að greiða það sem upp á vantar og sá sem hefur greitt meira en honum er skylt fær mismuninn endurgreiddan.

Talið er fram á netinu. Innskráning fer fram með rafrænum skilríkjum eða veflykli ríkisskattstjóra.

Sé skattframtali ekki skilað áætla skattstjóri tekjur og álögð gjöld eru reiknuð samkvæmt því. Afar mikilvægt er því að ganga frá skattamálum sínum áður er flutt er af landi brott.

Erlendir aðilar sem starfa einungis tímabundið á Íslandi þurfa að skila sérstöku skattframtali áður en þeir halda af landi brott, oftast: RSK 1.13.

³ Útsvar er einn af tekjustofnum sveitarfélaga, ákveðið hlutfall sem tekið er af launum, óháð tekjum launþega. Útsvarsprósenta getur verið mishá eftir sveitarfélögum.

⁴ Almennur persónuafsláttur er föst fjárhæð sem allir launþegar fá í skattafslátt og dregst frá skattgreiðslum launþega.

TAXES

Everyone who works in Iceland must pay taxes. Taxes on your wages consist of income tax to the state on the one hand and local tax³ to the municipality on the other.

Income tax is divided into brackets, and the tax percentage is dependent on the wages of the worker. The website of the Directorate of Internal Revenue contains information on the amount of tax deducted based on the amount of the income.

An employer deducts tax from employee wages, but employees are entitled to keep a fixed amount, the personal tax allowance⁴, each month. The employer cannot take account of the personal tax allowance unless the employee has requested that the personal tax allowance is used.

Personal tax allowance

Everyone who has reached the age of 16 during the income year and who is domiciled in Iceland is entitled to a personal tax allowance. If moving to or from the country during the income year or if working only temporarily in this country, the personal tax allowance is only calculated for the period in which the worker resided in Iceland. Attention is brought to the fact that foreign citizens from states outside the EEA must have a valid residence and work permit.

The employee informs his employer as to whether he is to use the personal tax allowance when calculating the withholding tax and the proportion to be used in each workplace in the event that he is working for more than one employer.

The pay slip specifies what taxes the employer has kept back from the employee's wages. It is important to keep your pay slips to prove that your taxes have been held back.

Individuals who have registered as married or in cohabitation in Registers Iceland can jointly use their personal allowance. Further information can be found in the website of ríkisskattstjóra.

Tax return

Everybody who is liable to pay tax in Iceland must submit a tax return every year, usually in March. On the tax return, you are to declare your total earnings for the previous year and also your liabilities (debts) and assets.

If you have paid too much or too little tax in advance, this is corrected in July the same year as the tax return is filed. If you have paid less than you should have, you are required to pay the difference, and if you have paid more than you should have, you receive a refund.

Tax returns are submitted via the Internet. Logging on is by means of electronic ID or by a password from the Directorate of Internal Revenue.

If a tax return is not filed, the Directorate of Internal Revenue will estimate your income and calculate the dues accordingly. It is extremely important, therefore, to settle one's tax affairs before leaving the country.

Foreign entities who are only working temporarily in Iceland must return a special tax return form before they leave the country, usually: RSK 1.13.

³ Local tax is one of the municipalities' sources of income, a certain percentage which is taken off wages, regardless of how large or small your wages are. The local tax percentage can differ from place to place.

⁴ The personal tax allowance is a fixed amount which all workers receive as a deduction from their taxes.

Greiðslur til barnafjölskyldna

Mikilvægt er að vera rétt skráður hjá Þjóðskrá Íslands svo greiðslur séu rétt ákvarðaðar. Rétt skráning lögheimilis getur til dæmis ráðið úrslitum um félagsleg réttindi hjá sveitarfélagi, svo sem húsnæðisstuðning og leikskólavist.

Fæðingarorlof

Foreldrar sem hafa verið í vinnu á Íslandi samfelld í sex mánuði eða lengur fyrir fæðingardag barns eiga rétt á launuðu orlofi við fæðingu barns, við ættleiðingu barns eða við varanlegt fóstur barns yngra en átta ára. Fæðingarorlof er samtals níu mánuðir. Hvort foreldri fyrir sig á rétt á þremur mánuðum og að auki eru þrjú mánuðir þar sem þau eiga sameiginlegan rétt. Foreldrar fá annaðhvort [orlofsgreiðslur](#)⁵ eða [fæðingarstyrk](#)⁶ úr Fæðingarorlofssjóði en það fer eftir stöðu þeirra á vinnumarkaði. Mælst er til þess að fólk haldi áfram að borga gjöld til stéttarfélags meðan á fæðingarorlofi stendur. Ef slíkt er ekki gert tapast þau réttindi sem viðkomandi hefur hjá sínu stéttarfélagi.

/ 38 /

Þeir sem hafa áunnið sér réttindi í ríki sem á aðild að EES-samningnum geta í mörgum tilfellum flutt þau réttindi með sér til Íslands. Foreldri þarf þá að láta tilskilin vottorð um áunnin starfstímabil og tryggingatímabil í öðru ríki fylgja með umsókn. Þeir sem ekki eru í vinnu eiga rétt á fæðingarstyrk ef þeir hafa verið búsettir og með lögheimili á Íslandi í tólf mánuði eða lengur.

Upplýsingar um fæðingarorlof, fæðingarstyrk og foreldraorlof er á [vef Fæðingarorlofssjóðs](#).

Barnabætur

Barnabætur eru greiðslur frá hinu opinbera til þess að létta undir með barnafólki og jafna stöðu þess. Fjársýsla ríkisins greiðir barnabætur út fjórum sinnum á ári, 1. febrúar, 1. maí, 1. júlí og 1. október.

Barnabætur eru greiddar út í fyrsta sinn árið eftir að barn fæðist eða flyst til landsins.

Greiddar eru barnabætur vegna barna yngri en 18 ára. Við ákvörðun barnabóta er tekið tillit til tekna foreldra eða forsjáðila samkvæmt skattframtali og eru barnabæturnar greiddar eftir á. Ekki þarf að sækja um barnabætur vegna barna sem búa hjá foreldri eða forsjáðila á Íslandi.

Á [vef ríkisskattstjóra](#) er að finna upplýsingar um barnabætur og eyðublöð vegna greiðslu barnabóta á nokkrum tungumálum.

5 Orlofsgreiðslur eru mánaðarlegar greiðslur til foreldris. Starfshlutfall sex mánuði fyrir fæðingu barns þarf að vera að minnsta kosti 25% til að fá orlofsgreiðslur. Mánaðarleg greiðsla nemur 75 eða 80% af meðaltali heildarlauna. Nánari upplýsingar eru á [vef Fæðingarorlofssjóðs \(www.faedingarorlof.is\)](#).

6 Fæðingarstyrkur er mánaðarlegar greiðslur til foreldris sem er utan vinnumarkaða, í fullu námi eða í minna en 25% starfi. Fjárhæð fæðingarstyrks er lægri en fjárhæð fæðingarorlofs.

Payments to families with children

It is important to be correctly registered with Registers Iceland to ensure that payments are correctly determined. The correct registration of domicile, for instance, can be a deciding factor as regards social rights from the local authorities, such as housing support and nursery school admittance.

Maternity/paternity leave

Parents who have been employed for six consecutive months or longer in Iceland before the birth of a child are entitled to paid leave when they have a baby or begin the adoption or permanent foster care of a child younger than eight years old. Maternity/paternity leave is a total of nine months. Each parent is entitled to three months, and in addition, there are three months of shared entitlement. Parents either receive leave payments⁵ or birth grants⁶ from the Maternity and Paternity Leave Fund; the amount paid depends on their status on the labour market. It is recommended that you continue to pay dues to your union during maternity/paternity leave. If you do not do this, the rights you have gained with your union will be lost.

/ 39 /

Those who have earned rights in a state that is party to the EEA agreement can, in many cases, transfer their rights to Iceland. A parent must then submit the required certificates regarding periods of work and insurance periods in another state with the application. If you are not employed, you will still be entitled to a birth grant if you have lived in Iceland and had your legal domicile in Iceland for twelve months or longer.

Information on maternity/paternity leave, birth grants and parental leave can be found on the Maternity and Paternity Leave Fund's website [Fæðingarorlofssjóðs](http://faedingarorlofssjod.is).

Child benefits

Child benefit is a payment from the government to assist people who have children. The State Financial Management disburses child benefit four times a year, 1 February, 1 May, 1 July and 1 October.

Child benefit is paid for the first time the year after a child is born or moves to the country. Child benefits are paid for children under the age of 18 years. When determining child benefits, consideration is given to the income of the child's parents or guardians according to their tax returns, and the benefits are paid retroactively. It is not necessary to apply for child benefit for children who live with parents or custodians in Iceland.

You can find information on child benefits and forms for claiming child benefits in several languages the website of the Directorate of Internal Revenue (<http://www.rsk.is>).

⁵ Leave payments are monthly payments to parents. To receive these payments, you must have been employed in at least 25% of a full-time position before the birth. The monthly payment amounts to 75 or 80% of the average total wages. Further information is to be found on the website of the Maternity and Paternity Leave Fund (www.faedingarorlof.is).

⁶ A birth grant is a monthly payment to a parent who is not on the labour market or is studying full time or working at a level less than 25% of full employment. The amount of the birth grant is less than the amount of the leave payments.

Meðlag

Foreldrum barns ber skylda til að framfæra það að minnsta kosti til 18 ára aldurs. Búi foreldrar ekki saman getur barn óskað eftir framfærslu til 20 ára aldurs sé það í námi. Meðlag er greiðsla með eigin barni til foreldris sem barnið á lögheimili hjá. Ef foreldrar semja um meðlagsgreiðslurnar verður sýslumaður að staðfesta samninginn, annars hefur hann ekki gildi samkvæmt barnalögum.

Óheimilt er að semja um lægri fjárhæð en einfalt meðlag en hægt er að fara fram á hærri upphæð og getur sýslumaður (dómari) úrskurðað um það telji hann greiðanda hafa bolmagn til þess.

Tryggingastofnun ríkisins er heimilt að greiða meðlagið fyrir fram en aldrei meira en einfalt meðlag og einungis ef meðlagsviðtakandi býr á Íslandi. Innheimtustofnun sveitarfélaga sér þá um að innheimta meðlagið frá meðlagsgreiðanda. Ef samið er um hærri fjárhæð en einfalt meðlag þurfa aðilar að sjá um þær greiðslur sín á milli.

Upphæð meðlags og fleiri upplýsingar

Greiðsla meðlags við flutning til landsins

Flytji umsækjandi meðlags til Íslands þarf hann að leggja fram með umsókn sinni staðfestingu um greiðslur í fyrra búsetulandi ásamt meðlagssamningi sem þær greiðslur byggðust á. Frumrit úrskurðar/samnings þarf að fylgja með umsókn.

Barnalífeyrir

Barnalífeyrir er greiddur með börnum yngri en 18 ára ef foreldri er látið eða er elli-, örorku- eða endurhæfingarlífeyrisþegi. Skilyrði fyrir greiðslu barnalífeyris eru að annað hvort foreldra barnsins eða það sjálft hafi búið á Íslandi í að minnsta kosti þrjú síðustu árin áður en umsókn er lögð fram (undantekning EES-land). Upplýsingar um barnalífeyri, meðlag og meðlagsgreiðslur eru á vef [Tryggingastofnunar ríkisins](#).

Child support

The parents of a child are under obligation to support the child until the child has reached at least 18 years. If the parents are not living together, the child can request support until the age of 20 if in school. Child maintenance is a payment you make for the support of your own child to the parent with whom the child has its legal domicile.

If parents reach an agreement on child support, such agreement must be confirmed by the district commissioner, as otherwise, it will have no validity according to the Children's Act.

It is forbidden to negotiate a lesser amount than basic child support. A greater amount, however, may be requested, and the district commissioner (court judge) may issue a ruling to such effect if he is of the opinion that the payer has the financial capacity.

The Social Insurance Administration (Tryggingastofnun ríkisins) may prepay the support but not more than the basic support and only if the recipient lives in Iceland. The Local Authorities' Child Support Collection Centre is then responsible for collecting the support from the child support payer.

If an agreement is reached for an amount greater than the basic child support, the parties will have to take care of the balance of the payments themselves.

/ 41 /

Amount of child support and further information

Payment of child support on relocation to Iceland

In the event that the applicant for child support relocates to Iceland, he/she will have to submit, with his/her application, confirmation of payment in the previous country together with the child support agreement on which these payments were based. An original copy of the ruling/agreements must be attached to the application.

Child pension

Child pension is paid for children who are younger than 18 if one of the parents is deceased or receives an old-age, disability or rehabilitation pension. A condition for the payment of child pension is that one of the parents of the child or the child itself has been residing in Iceland for at least three years prior to the submission of the application (other provisions apply to EEA states). Information on child pension, child support and child support payments can be found on the website of Tryggingastofnun ríkisins.



HEILBRIGÐISÞJÓNUSTA

Allir eiga rétt á neyðaraðstoð hjá hinu opinbera heilbrigðiskerfi á Íslandi.

- Neyðaraðstoð, alvarleg slys og veikindi – 112.
- Sameiginlegt neyðarnúmer á Íslandi –112.
- Hvar sem er á landinu er hægt að hringja í 112 og leita eftir hjálp.
- Allir geta hringt í 112 úr venjulegum síma (landlínu) og farsímum (GSM) þar sem samband næst, jafnvel þótt símar séu læstir.

Túlkun innan heilbrigðisþjónustunnar

Sjúkratryggðir sem ekki tala íslensku eiga rétt á túlkþjónustu innan heilbrigðisþjónustunnar. Sé þörf á túlki þarf að taka það fram þegar tími er pantaður hjá lækni á heilsugæslustöð eða sjúkrahúsi. Það er viðkomandi stofnun sem ákveður hvort hún greiði fyrir túlkþjónustu.

Heilsugæsla og heimilislæknar

Heilsugæslustöðvar eru um allt land og í öllum hverfum höfuðborgarsvæðisins. Þar er veitt öll almenn heilbrigðisþjónusta og þangað leitar fólk **jafnan fyrst** vegna veikinda eða annarra heilsufarsvandamála.

Fólk á rétt á að leita til hvaða heilsugæslustöðvar sem er en æskilegt er að snúa sér til heilsugæslustöðvar sem er næst heimili viðkomandi. Þar er hægt að skrá sig og sækja um heimilislækni.

Auk almennrar lækniþjónustu sinna heilsugæslustöðvar mæðravernd, ung- og smábarnavernd, skólaheilsugæslu og hjúkrun í heimahúsum.

Börn undir 18 ára aldri eru undanþegin komugjaldi á heilsugæslu og gjaldi vegna vitjana lækna í heimahúsi. Ósjúkratryggð börn greiða fullt gjald.

Upplýsingar um heilbrigðismál og staðsetningu heilsugæslustöðva á höfuðborgarsvæðinu má finna á vef [Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins](#).

Staðsetningu heilsugæslustöðva um allt land má finna undir „[Sveitarfélagið mitt](#)“ á vef Fjölmenningsseturs.

Finna má ýmsar upplýsingar um heilbrigðismál á mörgum tungumálum á vef [Embættis landlæknis](#).

Sjúkrahús taka við veiku fólki til innlagnar og veita læknishjálp, hjúkrun og aðra þjónustu eftir þörfum. Víða hafa sjúkrahús og heilsugæslustöðvar verið sameinaðar undir heitinu heilbrigðisstofnun. Á sjúkrahúsum eru einnig bráðavaktir þar sem tekið er á móti slösuðum og veikum einstaklingum.

Lækniþjónusta utan opnunartíma heilsugæslustöðva

Ef þörf er á lækniþjónustu utan opnunartíma heilsugæslustöðva á höfuðborgarsvæðinu,

HEALTHCARE SERVICES

Everyone is entitled to emergency assistance from the public healthcare system in Iceland.

- Emergency assistance, serious accidents and illnesses – 112
- The emergency telephone number in Iceland is 112.
- Wherever you are in the country, you can phone 112 and seek assistance.
